Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Garðabær
Guðfinna B. Kristjánsdóttir/Eysteinn Haraldsson
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 14.9.2016
Tilvísun: 4679

***Efni: Úthlutun styrks úr húsafriðunarsjóði 2016.***
***Verndarsvæði í byggð – Garðahverfi, Álftanesi***

Minjastofnun Íslands þakkar umsókn um styrk úr húsafriðunarsjóði til undirbúnings tillögu að verndarsvæði í byggð.

Ákveðið hefur verið veita styrk að upphæð kr. 5.175.000 til verkefnisins.

Við úthlutun styrkja var lagt mat á kostnað við þá verkþætti sem Minjastofnun telur að þurfi að ljúka vegna gerðar tillögu um verndarsvæði í byggð og hefur því styrk verið skipt þannig niður á verkþætti:

| | | |
|---|---|---|
| **Húsakönnun**<br>Gagnaöflun, vinnsla korta og ljósmynda, vettvangsskráning og skýrslugerð. Eldri húsakönnun endurskoðuð og uppfærð m.v. núgildandi staðla M.Í. | **kr.** | **0** |
| **Fornleifaskráning**<br>Gagnaöflun, vinnsla korta og ljósmynda, vettvangsskráning og skýrslugerð. Eldri fornleifaskráning endurskoðuð og uppfærð m.v. núgildandi staðla M.Í. | **kr.** | **1.200.000** |
| **Greinargerð með mati á varðveislugildi** | **kr.** | **2.500.000** |
| **Samráð við íbúa** | **kr.** | **700.000** |
| **Annað þ.m.t. ferðakostnaður** | **kr.** | **100.000** |
| **Samtals** | **kr.** | **4.500.000** |
| **Ófyrirséð 15%**<br>Verður greitt út í lok verkefnis í samræmi við uppgjör, verði sýnt fram á að kostnaður hafi farið fram úr ofangreindri áætlun um kostnað við einstaka verkþætti. | **kr.** | **675.000** |
| **Samtals alls** | **kr.** | **5.175.000** |

Kostnaður við verkefnið skal færður sérstaklega í bókhaldi sveitarfélagsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Unnt er að fá allt að 70% styrks greidd þegar sýnt hefur verið fram á að verkefnið er sannanlega hafið. Eftirstöðvar styrks, 30%, fást greiddar þegar verkefninu hefur verið lokið og lokaskýrsla með yfirliti yfir kostnað við verkefni hefur verið send Minjastofnun. Nýta verður styrk fyrir árslok 2017.

Minjastofnun mun boða til fundar á næstunni með ábyrgðarmönnum verkefna sem hljóta styrk þar sem farið verður yfir lögin og reglugerð sem verkefnið *verndarsvæði í byggð* byggir á og rætt um verklag við vinnuna framundan.

Um styrki vegna verndarsvæða í byggð gilda reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði frá 9. júní 2016. Eins og kveðið er á um í 5. gr. verður gerður samningur um greiðslu styrks og verður hann sendur ábyrgðarmönnum til undirritunar fljótlega.

Áður en verkefnið er hafið skal ábyrgðarmaður verkefnisins hafa samband við tengilið Minjastofnunar Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur, minjavörð, gudnygerdur@minjastofnun.is, s. 570 1311.

F.h. Minjastofnunar Íslands

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður